

SAMÞYKKTIR

FYRIR

EIGNARHALDSFÉLAG SUÐURLANDS HF.

I. Heiti, heimili og tilgangur

1. gr.

Félagið er hlutafélag og er nafn þess Eignarhaldsfélag Suðurlands hf.

2. gr.

Heimilisfang félagsins er að Austurvegi 56, 800 Selfossi.

3. gr.

Tilgangur félagsins er að taka þátt í stofnun og starfsemi annarra félaga sem rekin eru á grundvelli arðsemissjónarmiða, fela í sér nýmæli í atvinnulífi og eru mikilvægur þáttur í uppbyggingu atvinnulífs á Suðurlandi. Félagið mun fjárfesta í hlutabréfum slíkra félaga eða í skuldabréfum, sem breyta má í hlutabréf í þeim. Fjárfestingar verða í samræmi við fyrirfram mótaða fjárfestingastefnu sem hefur fagleg vinnubrögð, arðsemi fjárfestinga og áhættudreifingu að leiðarljósi. Tilgangur félagsins er jafnframt öll önnur starfsemi sem nauðsynleg telst til að ná ofangreindum markmiðum og er í samræmi við gildandi lög þar með talið að kaupa og reka fasteignir eða aðrar eignir og taka þátt í öðrum aðgerðum sem stuðlað geta að arðbærum atvinnurekstri sunnlenskra fyrirtækja.

II. Fjármögnun

4. gr.

Félagið aftar sér fjármagns með útgáfu hlutabréfa og langtíma- og skammtímalána. Lán má eingöngu taka til fjárfestinga og mega þau ekki verða hærri en sem nemur 20% af heildareignum félagsins.

III. Hlutfé

5. gr.

Hlutfé félagsins er kr. 272.898.621 -krónur tvö hundruð sjötíu og tvær milljónir áttahundruð níutíu og átta þúsund sexhundruð tuttugu og ein-. Hlutir skiptast í margfeldi einnar krónu, sem hver hluthafi á í félaginu. Eitt atkvæði fylgir hverri krónu í hlutfé. Gefa má út hlutabréf fyrir öllu hlutfé hvers hluthafa í félaginu og gildir það sama um

viðbótarhlutafé. Stjórn félagsins er heimilt að hækka hlutafé félagsins um allt að krónur 227.101.379, - kr. tvö hundruð tuttugu og sjö milljónir eitthundrað og eitt þúsund þrjú hundruð sjötíu og níu-. Hinir nýju hlutir skulu hljóða á nafn. Stjórn félagsins skal ákveða nafnverð nýrra hluta, útboðsgengi og greiðslukjör. Hluthafar hafa ekki forgangsrétt til áskriftar að hinum nýju hlutum. Heimild samkvæmt þessari málsgrein gildir til 31. desember 2020.

Hlutafé félagsins er í tveim flokkum, A-flokki og B-flokki. Hlutafé í A-flokki skal aldrei vera meira en 40% af heildarhlutafé félagsins.

Hlutir í A-flokki skulu njóta forgangs að arði, og gilda um það eftirfarandi viðmiðanir:

Við úthlutun arðs skal fyrst greiða hluthöfum í A-flokki allt að 10% arð af innborguðu hlutafé þeirra, framreiknuðu í samræmi við almennar verðlagsbreytingar, og er þá miðað við vísitölu neysluverðs. Allur arður umfram það skal skiptast hlutfallslega jafnt á alla hluthafa í báðum hlutaflokkum.

Verði hluthöfum í A-flokki greiddur lægri arður en 10% á ári, skal forgangsréttur þeirra safnast fyrir.

6. gr.

Heimilt er að hækka hlutafé félagsins með ákvörðun hluthafafundar og þarf til sama magn atkvæða og til breytinga á samþykktum þessum. Hluthafafundur einn getur ákveðið lækkingu hlutafjár. Við hlutafjárhækkun skal þess gætt að aukningarhlutir í A-flokki nemi eigi meiru en 40% heildaraukningarinnar.

7. gr.

Hlutabréf skulu vera tölusett með áframhaldandi númerum og hljóða á nafn viðkomandi hluthafa. Í hlutabréfi skal jafnframt tilgreina:

- a) Nafn, heimili og skráningarnúmer félagsins.
- b) Númer og fjárhæð hlutar.
- c) Útgáfudag bréfsins.

8. gr.

Stjórn félagsins skal halda hlutaskrá samkvæmt lögum. Þar skal tilgreina:

- a) Útgáfudag bréfsins.
- b) Nafnverð bréfsins og númer þess.
- c) Til handa hverjum hlutabréfið var gefið út, svo og síðari aðilaskipti. Geta skal stöðu hluthafa, heimilsfangs og kennitölu. Ennfremur skal geta eigendaskipta og skráningardags.
- d) Breytingar sem kunna að verða á skiptum félagsins og eigenda bréfsins, t.d. ef bréfið er ógilt með dómi.

Hlutaskráin skal varðveitt þannig að allir hluthafar hafi aðgang að henni og megi kynna sér efni hennar.

Hlutaskráin skoðast sem fullgild sönnun fyrir eignarrétti að hlutum í félaginu og skal arður á hverjum tíma, svo og allar tilkynningar, sendast þeim sem skráður er eigandi viðkomandi hlutar í hlutaskrá félagsins. Eigendaskipti að hlutabréfi skal ávallt tilkynna skriflega til stjórnar félagsins jafnskjótt og þau fara fram. Ber félagið enga ábyrgð á því ef greiðslur eða tilkynningar misfarast vegna þess að vanrækt hefur verið að tilkynna félaginu um bústaðaskipti.

Sá sem eignast hlutabréf í félaginu getur ekki beitt réttindum sínum sem hluthafi nema nafn hans hafi verið skráð í hluthafaskrá eða hann tilkynnt stjórn félagsins og fært sönnur á eign sína á hlutnum.

Framsöl skulu ávallt rituð á hlutabréfin.

9. gr.

Hver hluthafi er skyldur til, án sérstakra skuldbindingar að lúta samþykktum félagsins, eins og þær eru nú, eða þeim sem síðar kann að verða breytt á löglegan hátt.

10. gr.

Hluthafar bera ekki ábyrgð á skuldbindingum sínum umfram hlut sinn í félaginu. Þessu ákvæði verður ekki breytt né það fellt niður með neinum ákvörðunum hluthafafundar.

11. gr.

Engin sérréttindi fylgja hlutum í félaginu. Hluthafar eru ekki skyldir að þola innlausn á hlutum sínum.

IV. Eigið hlutafé félagsins

12. gr.

Félagið má eigi veita lán út á hluti sína nema lög leyfi. Félaginu er heimilt að kaupa eigin hluti að því marki sem lög leyfa.

Óheimilt er að neyta atkvæðisréttar fyrir þá hluti sem félagið á sjálf.

Wf
3
OHJ
u. Oru

V. Stjórnskipulag

13. gr.

Með stjórn félagsins fara:

- a) Hluthafafundir.
- b) Stjórn félagsins.
- c) Framkvæmdastjóri.

Hluthafafundir

14. gr.

Æðsta vald í málefnum félagsins, innan þeirra takmarka, sem samþykktir þess og landslög setja, er í höndum lögmeðtra hluthafafunda.

15. gr.

Hluthafi getur látið umboðsmann sækja hluthafafund fyrir sína hönd. Umboðsmaður skal leggja fram skriflegt og dagsett umboð. Umboðið gildir aldrei lengur en fimm ár frá dagsetningu þess. Umboð má hvenær sem er afturkalla.

16. gr.

Aðalfundur skal haldinn fyrir lok júní ár hvert.

17. gr.

Aukafundi skal halda eftir ákvörðun stjórnar eða að kröfu kjörinna endurskoðenda eða hluthafa sem ráða a.m.k. einum tíunda hluta hlutafjár í félaginu. Skal krafan skriflega gerð og fundarefni tilgreint og fundur boðaður þá innan fjórtán daga. Ef stjórnin skirrist við að boða fund eftir móttöku slíkrar kröfu má leita atbeina stjórnvalda samkvæmt lögum um hlutafélög.

18. gr.

Félagsstjórn skal boða til hluthafafundar með auglýsingum í dagblöðum eða á annan jafnsannanlegan hátt. Aðalfundur skal boða með minnst fjórtán daga fyrirvara en aukafundur með minnst sjö daga fyrirvara. Fundarefnis skal getið í fundarboði.

Hluthafafundur er lögmeður ef hann er löglega boðaður og hann sækja hluthafar eða umboðsmenn þeirra sem hafa yfir að ráða helmingi hlutafjár í félaginu að minnsta kosti. Verði fundur ólögmeður vegna annmarka að þessu leyti skal boðað til nýs fundar innan mánaðar með sjö daga fyrirvara og verður sá fundur lögmeður til að ræða þau mál sem

Handwritten signature and initials

ræða átti á fyrri fundinum ef hann sækja hluthafar eða umboðsmenn þeirra sem ráða yfir 10% hlutafjár í félaginu hið minnsta.

Hluthafafundur kýs fundarstjóra og fundarritara.

19. gr.

Á hluthafafundi ræður afl atkvæða nema öðruvísi sé fyrir mælt í landslögum eða samþykktum þessum.

Samþykki allra hluthafa þarf til þess:

- a) Að skylda hluthafa til að leggja fram fé í félagsþarfir fram yfir skuldbindingar sínar
- b) Að takmarka heimild manna til meðferðar á hlutum sínum eða
- c) Að breyta ákvæðum samþykktanna um hlutdeild manna í félaginu eða jafnrétti þeirra á milli.

Tillögur um breytingar á samþykktum félagsins eða um sameiningu þess við önnur félög eða fyrirtæki má ekki taka til meðferðar á fundum þess nema þess hafi verið getið í fundarboði.

20. gr.

Á aðalfundi skulu tekin fyrir þessi mál:

1. Stjórn félagsins skal skýra frá hag félagsins og rekstri þess á liðnu starfsári.
2. Efnahagsreikningur og rekstrarreikningur félagsins fyrir liðið starfsár skulu lagðir fram ásamt athugasemdum endurskoðenda félagsins til samþykktar.
3. Stjórn félagsins skal kjörin og endurskoðendur.
4. Tekin skal ákvörðun um hvernig fara skal með hagnað eða tap og um arð og framlög í varasjóð.
5. Ákvörðun skal tekin um greiðslur til stjórnarmanna fyrir störf þeirra á starfsárinu.
6. Umræður og atkvæðagreiðslur um önnur málefni sem löglega eru upp borin.

21. gr.

Fundargerðarbók skal haldin og í hana skráð það sem gerist á hluthafafundum.

Stjórn félagsins

22. gr.

Stjórn félagsins skal skipuð fimm mönnum og fimm til vara, kjörnum á aðalfundi til eins árs í senn. Stjórn félagsins stýrir öllum málefnum félagsins milli hluthafafunda og gætir

5
Handwritten signatures and initials in blue ink, including a large signature and the number 5.

hagsmuna þess gagnvart þriðja manni. Undirskriftir þriggja stjórnarmanna skuldbinda félagið. Stjórnarfundir eru lögmætir ef þrír stjórnarmenn sækja fund. Afl atkvæða ræður afgreiðslu mála. Verði atkvæði jöfn ræður atkvæði formanns úrslitum. Halda skal fundargerð um stjórnarfundi.

23. gr.

Stjórnin skiptir sjálf með sér verkum. Formaður boðar til stjórnarfunda. Hver stjórnarmaður getur krafist stjórnarfundar. Sama rétt á framkvæmdastjóri.

Stjórnin skal setja sér starfsreglur þar sem nánar skal kveðið á um framkvæmd starfa hennar.

Framkvæmdastjóri

24. gr.

Stjórn félagsins ræður framkvæmdastjóra og ákveður starfskjör hans. Hún veitir og prókúruumboð fyrir félagið.

Framkvæmdastjóri hefur með höndum stjórn á daglegum rekstri félagsins og kemur fram fyrir þess hönd í öllum málum sem varða venjulegan rekstur. Hann sér um reikningshald og ráðningu starfslíðs. Framkvæmdastjóra ber að veita stjórnarmönnum og endurskoðendum allar upplýsingar um rekstur félagsins sem þeir kunna að óska og veita ber samkvæmt lögum.

VI. Kaupanefnd

25. gr.

Stjórn félagsins skal ráða sérstaka þriggja manna kaupanefnd fjárfestingaráðgjafa er metur umsóknir um þátttöku félagsins í fjárfestingarverkefnum í því skyni að dreifa áhættu, nýta stærðarhagkvæmni og hagnýta sem best sérþekkingu stjórnunaraðila og ráðgjafa við innkaup og umsýslu fjármuna og ná sem hæstu mögulegri raunávöxtun þegar til lengri tíma er litið miðað við viðunandi öryggi, að mati stjórnenda félagsins. Kaupanefnd leggur mat á fjárfestingarvalkosti í samræmi við fjárfestingarstefnu félagsins.

Framkvæmdastjóri félagsins skal vera formaður og jafnframt oddamaður kaupanefndar.

VII. Reikningar félagsins

26. gr.

Starfsár og reikningsár er almanaksárið. Stjórnin skal hafa lokið gerð ársreikninga og lagt fyrir endurskoðendur eigi síðar en einum mánuði fyrir aðalfund.

27. gr.

Á aðalfundi félagsins skal kjósa einn endurskoðanda til eins árs í senn og skal hann vera löggiltur endurskoðandi eða endurskoðunarfélag. Skal hann rannsaka reikninga félagsins fyrir hvert starfsár og leggja niðurstöður sínar fyrir aðalfund. Endurskoðanda má ekki kjósa úr hópi stjórnarmanna eða starfsmanna félagsins.

VIII. Breytingar á samþykktum félagsins

28. gr.

Samþykktum þessum má breyta á lögmætum aðalfundi eða aukafundi, enda sé þess getið í fundarboði, að slíkar breytingar séu fyrirhugaðar og í hverju þær felist í meginatriðum. Með breytingunni þurfa að vera 2/3 hlutar greiddra atkvæða svo og samþykki hluthafa sem ráða minnst 2/3 hlutum þess hlutfjár sem farið er með atkvæði fyrir á fundinum.

IX. Slit á félaginu

29. gr.

Nú þykir ráðlegt að slíta félaginu og fer þá um tillögur þar að lútandi sem breytingar á samþykktum, sbr. 110 gr. XIII. Kafla laga nr. 2/1995. Hið sama á við um hvers konar samruna eða sameiningu félagsins við önnur félög og um sölu á öllum eignum þess. Fundur sem samþykkir á lögmætan hátt að slíta félaginu, kveður á um hvernig skuli ráðstafa eignum þess og greiðslum skulda, sbr. XIII Kafla laga nr. 2/1995 um hlutafélög með áorðnum breytingum.

X. Önnur ákvæði

30. gr.

Þar sem ákvæði samþykkt þessara segja ekki til um hvernig með skuli farið skal hlíta ákvæðum laga nr. 2/1995 um hlutafélög með áorðnum breytingum.

Þannig samþykkt á hluthafafundi félagsins á Selfossi, 28. apríl 2016.

Guðmundur Guðjónsson « *Ólafur Þorgrímur Þorgeirsson*
Ólafur Þorgrímur Þorgeirsson
Ólafur Þorgrímur Þorgeirsson

Ólafur Þorgrímur Þorgeirsson
7 *Ólafur Þorgrímur Þorgeirsson*

